Nr. 11.
20.
ágúst.

# Auglýsing

um

bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum frá frakkneskum höfnum við miðjarðarhafið og frá höfnunum við Genúaflóann og hið toskanska haf á meginlandi Ítalíu.

Með auglýsingu frá landshöfðingjanum yfir Íslandi 18. f. m. og auglýsingu stjórnarráðsins, dagsettri í dag, er skipað fyrir um, að beita skuli ákvæðum laganna 17. desember 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, með tilliti til skipa, er koma frá frakkneskum höfnum við miðjarðarhafið og frá höfnunum við Genúaflóann og hið toskanska haf á meginlandi Ítalíu. Jafnframt þessu skal og nú ennfremur, samkvæmt lögum 24. oktbr. 1879, 3. grein, bann lagt á, að flutt verði með slíkum skipum til Íslands brúkað lín, brúkuð föt og sængurfatnaður, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað fóður, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Auglýsing þessi gengur þegar í gildi.

Þetta kunngjörist til leiðbeiningar öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 20. ágúst 1884.*

*J. Nellemann.*

---

*H. Stephensen.*

Nr. 11. Augl. 20. ág. um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum til Íslands.

**endurprentað.**

# Bekjendtgjørelse

Nr. 11.
20de
Aug.

om

## Forbud mod Indførsel til Island af forskjellige Gjenstande fra Franske Middelhavs Havne og fra Italienske Fastlandshavne ved Genuabugten og det Toskanske Hav.

I Forbindelse med Bekjendtgjørelse fra Landshøvdingen over Island af 18de f. M., samt Ministeriets Bekjendtgjørelse af D. D. om, at Bestemmelserne i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de Decbr. 1875 skulle træde i Virksomhed med Hensyn til Skibe, der ankomme fra Franske Middelhavs Havne og fra Italienske Fastlandshavne ved Genuabugten og det Toskanske Hav, forbydes herved endvidere i Henhold til Lov 24de Oktober 1879 § 3 al Indførsel til Island ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, forsaavidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Reisegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papiraffald, Haar og Huder.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Ministeriet for Island den 20de August 1884.**

*J. Nellemann.*

---

*H. Stephensen.*